

04.7

Morgunblaðið

MORGUNBLAÐIÐ LAUGARDAGUR 28. OKTÓBER 1989  
MORGUNBLAÐIÐ LAUGARDAGUR 28. OKTÓBER 1989



Morgunblaðið/Sigurður Jónsson

Kvennalistakonur þinga í Básum í gær.

## Landsfundur Kvinnalistsans:

# Staða kvenna innan hagfræðinnar eitt höfuðmálið

Selfossi.

STAÐA kvenna innan hagfræðinnar er eitt af höfuðmálum 7. Landsfundar Kvinnalistsans sem fram fer um helgina. Önnur aðal-

mál eru atvinnumál kvenna, dagvistarmál, tengsl við Evrópu-bandalagið og EFTA. Einnig er þess vænst að mikil umræða verði um sveitarstjórnarmál og erindi kvenna inn á þann vettvang.

Landsfundurinn er haldinn í samkomuhúsinu Básum í Ölfusi. Það var Ingibjörg Hafstað sem setti fundinn áður en hún hóf erindi sitt um „fáeinær stiklur úr feminískri hugmyndafræði“.

Landsfundurinn stendur fram á

sunnudag. Á laugardag verða umræður um reynslu kvenna af sveitarstjórnarmálum og störfum á þeim vettvangi. Þá verða stefnumál Kvinnalistsans í komandi sveitarstjórnarkosningum reifuð.

Spurningunni um það hvort konur eigi að sitja í bankaráðum verður svarað á sunnudagsmorgun. Þær konur sem rætt var við áður en fundurinn hófst aftóku ekki að Kvinnalistasakonur tækju sæti í bankaráðum.

— Sig. Jóns.